

Föstudaginn 17. desember 1993.

Nr. 513/1993. **Ákærvaldið**

gegn

Guðjóni Sverrisyni

vegna G. Sverrissonar hf.

Kærumál. Hald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. desember 1993, sem barst réttinum í gær. Um kæruheimild er vísað til 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að fellt verði úr gildi hald, sem lagt var á söluvarning í verslunarhúsnæði hans 11. nóvember sl.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1993.

I.

Beiðni í máli þessu er dagsett 19. nóvember 1993, en barst Héraðsdómi Reykjavíkur 22. s. m. Með bréfi, dagsettu 8. þ. m., var boðað til þinghalds í málinu 10. þ. m., en þá boðaði lögmaður varnaraðila forföll. Málið var síðan tekið til úrskurðar fyrr í dag að loknum munnlegum flutningi.

Sóknaraðili málsins er ríkissaksóknari vegna ákærvaldsins.

Varnaraðili málsins er Guðjón Sverrisson, kt. 291263-5699, vegna G. Sverrissonar hf., kt. 440593-2089, Hrafnhólum 8, Reykjavík.

Krafa varnaraðila um úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur er studd 79. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dómkrafa ákærvalds er sú, að ákvörðun Rannsóknarlögreglu ríkisins um haldlagningu frá 11. nóvember sl. án úrskurðar verði staðfest.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að haldlagningin verði tafarlaust felld úr gildi og varnaraðila skilað allri þeirri vöru, sem hald hafi verið lagt á.

Þá er þess krafist, að ákærvaldinu verði dæmt að greiða varnaraðila málskostnað, sem taki mið af þeim hagsmunum, sem í húfi eru. Lögmaðurinn kveður útsöluverð hinnar haldlögðu vöru vera á þriðju milljón króna.

II.

Samkvæmt ákvörðun Rannsóknarlögreglu ríkisins var 11. nóvember sl. lagt hald á fatnað, merktan Levi Strauss & Co., í verslunarhúsnæði G. Sverrissonar hf. að Þönglabakka 1 í Mjódd í Reykjavík og Faxafeni 10 í Reykjavík. Nánar tiltekið var um að ræða 474 buxur, 52 jakka, 109 skyrtur og 46 boli samkvæmt lögregluskýrslum. Í lögregluskýrslu kemur fram, að tilefni haldlagningarinnar hafi verið kæra Viðars Más Matthíassonar f. h. Levi-Strauss og að talið væri, að umræddur fatnaður væri ekki framleiddur af því fyrirtæki eða með leyfi þess.

Í rannsóknargögnum eru ljósrit af handskrifuðum pappírsspjöldum, sem á stendur: „LEVI'S-Buxur. EFTIRLÍKING. 3.500“, en þessum spjöldum mun hafa verið stillt upp hjá vörunni í verslunarhúsnæðinu.

Fulltrúi ákærvalds kveður ástæður til haldlagningar RLR vera þær, að um hafi verið að ræða rannsókn ætlaðs hegningarlaga brots og að haldlagningin hafi verið gerð á grundvelli 78. gr. 1. nr. 19/1991. Staða málsins sé nú sú, að frumrannsókn hjá lögreglu hafi farið fram og málið verið sent ríkissaksóknara með bréfi 12. nóvember sl. Rannsókn málsins sé enn ekki lokið, enda liggja ákvörðun ríkissaksóknara ekki fyrir í málinu. Ástæður til haldlagningar og þörf á henni séu því enn í gildi. Skammur tími sé liðinn frá upphafi rannsókna og eðlilegt sé, að ríkissaksóknari hafi einhvern umþóttunartíma. Ekki hafi orðið óeðlilegur dráttur á málinu, og ekki sé eðlilegt, að dómstóll leggi efnislegt mat á málið á þessu stigi.

Lögmaður varnaraðila telur haldlagningaraðgerð vera réttaraðgerð, sem ætlað sé að tryggja tiltekna hagsmuni. Um slíka hagsmuni sé ekki að ræða í þessu máli, og því sé mótmælt, að skilyrði 1. mgr. 78. gr. 1. nr. 19/1991 séu fyrir hendi. Hafi slík skilyrði nokkur verið, hefði nægt að taka sýnishorn af vörunni, en ekki allan lagerinn. Í máli þessu sé rannsókn gerð vegna ætlaðs brots á ákvæðum almennra hegningarlaga og haldlagningin þ. a. l. samkvæmt þeim þætti. Með vísan til 77. gr. 1. nr. 19/1991 hafi lögreglu-rannsókn verið lokið 12. nóvember sl.

Langur tími sé liðinn, frá því að rannsóknargögn hafi borist ákærvaldi, svo að ákvörðun ríkissaksóknara ætti þegar að liggja fyrir. Lögmaðurinn vekur athygli á, að málskotsheimild 79. gr. 1. nr. 19/1991 sé ætlað að tryggja rétt þess, sem sæti haldlagningu, og þessa heimild verði að skoða þannig, að mönnum sé veitt hún til að þrengja rétt rannsóknaraðila samkvæmt 78. gr. sömu laga. Lögmaðurinn telur kröfu varnaraðila gegn haldlagningunni hafa komið fram strax 19. nóvember sl., og því hafi ríkissak-

sóknari haft mjög rúman tíma til að kynna sér kröfuna, styðja haldlagninguna traustari gögnum og gera dóminum ýtarlegri grein fyrir þörf á haldlagningu. Lögmaðurinn telur, að eins og málið sé í pottinn búið, sé af hálfu ákærvalds allur vafi túlkaður varnaraðila í óhag, en slík túlkun stríði gegn inntaki réttarfarslaga.

III.

Haldlagning sú, sem deilt er um í máli þessu, var gerð samkvæmt ákvörðun Rannsóknarlögreglu ríkisins á grundvelli 1. mgr. 78. gr. 1. nr. 19/1991 vegna ætlaðs brots á almennum hegningarlögum. Málið hefur verið sent ríkissaksóknara, en ákvörðun hefur ekki verið tekin um útgáfu ákæru í málinu eða það afgreitt á annan hátt. Málið telst því enn vera á rannsóknarstigi, og kann ríkissaksóknari að óska eftir frekari rannsókn í málinu.

Vara sú, sem hald var lagt á, getur orðið sönnunargagn í opinberu máli, sem höfðað kann að verða á hendur varnaraðila, og kann varan að verða gerð upptæk. Nægjanleg lagaheimild var því samkvæmt 1. mgr. 78. gr. 1. nr. 19/1991 fyrir haldlagningunni. Ekki eru þeir gallar á ákvörðun um haldlagningu eða framkvæmd hennar, sem valdið geta því, að hún verði felld úr gildi.

Aðeins er liðinn rúmur mánuður, frá því að ríkissaksóknari fékk málið til ákvörðunar, og verður haldlagning ekki felld niður af þeirri ástæðu, að óeðlilegur dráttur hafi orðið á meðferð málsins. Á þessu stigi málsins er því ekki nægjanlegt tilefni til að fella haldlagninguna niður.

Sigurður T. Magnússon dómarafulltrúi kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun Rannsóknarlögreglu ríkisins frá 11. nóvember 1993 um haldlagningu á söluvarningi G. Sverrissonar hf. í verslunarhúsnæði félagsins að Þönglabakka 1 í Mjódd í Reykjavík og Faxafeni 10 í Reykjavík á að vera óröskuð.